

Dagsetning
28.07.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar breytingartillaga umhverfisnefndar Alþingis við frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál. Umsagnarfrestur er til 11. ágúst n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarsviðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

1. Umsögn um breytingartillögur umhverfisnefndar Alþingis við frumvarp til laga um mannvirki.

Liður 1a. 3. grein, 1. tl. Hér er kveðið á um að á aðaluppdrætti skuli sýna aðgengi (hreyfihamlaðra) að byggingum.

Umsögn: Þar sem aðgengi er víða ábótavant, er þetta mjög til bóta. Hér ætti líka að setja ákvæði um frágengi, þ.e. hvernig hreyfihamlaðir komast út úr byggingu, t.d. við bruna, þar sem almennt má ekki nota lyftur við slíkar aðstæður.


Liður 3b. 3. grein 3. tl. Hér er kveðið á um að breytingar á útliti og formi húsa sé háð byggingarleyfi. Í frumvarpi til laga um mannvirki er gert ráð fyrir að byggingarleyfi taki einungis til tæknilegra atriða, en útlit og form sé skilgreint í deiliskipulagi og breytingar á því ekki byggingarleyfisskyldar, heldur sé það á verksviði skipulagsnefndar að úrskurða um frávik frá þeim ákvæðum sem skipulag setur áður en byggingarleyfi er veitt, nema frávikið sé óverulegt. Breytingartillagan er ekki rökstudd, en í breytingartillögu með frumvarpi til skipulagslaga er talið að breytingartillagan feli í sér skýrari stjórnsýslu.

Umsögn: Taka má undir það að eðlilegt sé að allar breytingar á byggingum séu byggingarleyfisskyldar, og að hafa eftirlit með einstökum þáttum á margra höndum flæki ferlið og feli í sér aukna hættu á mistökum.

Liður 3f. 3. grein, 18. tl. Hér er kveðið á um að á séruppdráttum skuli sýna skipulag lóða og frágang eins og kveðið er á um í gildandi lögum (á aðaluppdrætti skal einnig sýna þessi atriði í megindráttum).

Umsögn: Ekki er rökstutt í frumvarpi til laga um mannvirki hvers vegna þetta er þar fellt brott, og eðlilegt að bæta því inn aftur, þar sem frágangur lóðar setur ekki síður svip á umhverfið en byggingin sjálf.

Liður 5. Ný grein. Hér er lagt til að sveitarfélagi sé heimilt með sérstakri samþykkt að starfrækja byggingarnefndir, sem fjalli um byggingarleyfisumsóknir áður en byggingarleyfi er gefið út af byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn geti ákveðið að allar umsóknir eða einingis umsóknir vegna tiltekinna mannvirkjagerða komi til umfjöllunar byggingarnefndarinnar.



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Frumvarp til laga um mannvirki gerði ráð fyrir að þær yrðu lagðar niður og veiting byggingaleyfa yrði alfarið í höndum byggingarfulltrúa án tilskilins samþykkis sveitarstjórnar. Í rökstuðningi með breytingartillögunni segir að umhverfisnefnd hafi orðið vör gagnrýni sem beinist að því að brotið sé á sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga með því að fela embættismönnum alla stjórnslu byggingarmála.

Umsögn: Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar um frumvarp til laga um mannvirki var talið eðlilegt að umfjöllun tæknilegra atriði væri í höndum sérmenntaðra embættismanna í stað kjörinna fulltrúa, þar sem þeir geti talist betur hæfir til að meta hvort fylgt sé ákvæði 15. greinar frumvarpsins að útgefandi byggingarleyfis hafi eftirlit með því að hönnun mannvirkis sé í samræmi við ákvæði mannvirkjalaganna og reglugerða sem sett eru samkvæmt þeim og að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda. Taka má þó undir það að eðlilegt sé að heimild til að starfrækja byggingarnefndir sé til staðar, einkum í minni sveitarfélögum, ef sú breytingartillaga sem kveður á um að byggingaleyfi taki einnig til forms og útlits húsa, þar sem sérmenntað fólk á því sviði er óviða starfandi í minni sveitarfélögum.

Liður 6. 7. grein sem verður 8. grein, og liður 7. 8. grein sem verður 9. grein. Hér er kveðið á um að byggingarleyfi sé veitt með samþykki sveitarstjórnar, en að sveitarstjórn geti með sérstakri samþykkt veitt byggingarfulltrúa almennt umboð til að gefa út byggingarleyfi fyrir (tilteknum minniháttar) mannvirkjum án samþykkis sveitarstjórnar, enda sé ótvírætt að framkvæmdin samræmist gildandi lögum og að hönnunargögn séu fullnægjandi.

Umsögn: Hér er gengið skemmra í framsali útgáfu byggingarleyfja en í frumvarpi til laga um mannvirki, en lengra en í núgildandi lögum. Verði liður 5 í breytingartillögunni samþykktur telst þetta vera eðlileg viðbót.

Liður 7. 8. grein sem verður 9. grein. Hér er m.a. lagt til að fráveitumannvirki og ýmis dreifikerfi verði undanþegin byggingarleyfi.

Umsögn: Hafnarfjarðarbær gerir hérþá athugasemd að ekki sé eðlilegt að undanskilja byggingar sem tilheyra þessum dreifikerfum byggingarleyfisskyldu, svo sem skolpdælustöðvar, þar sem gera verður sömu kröfur til útlits og tæknilegrar úfærslu mannvirkjanna og til annarra bygginga.


Liður 12b. 12. grein sem verður 13. grein. Hér er lagt til að felld verði brott að byggingarleyfi sé háð því að byggingarleyfisgjald, gatnagerðargjald og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd. Ekki fylgir þessu neinn rökstuðningur.

Umsögn: Erfitt er að sjá rök fyrir þessari breytingu, þar sem það rýrir tryggingu sveitarfélaga á að tekjustofnar standi undir kostnaði sveitarfélagsins við ummsýslu, framkvæmdir við gatnagerð og annan kostnað sem fylgir undirbúningi þess að gera hverfi íbúðarhæf.

Liður 18. 21. grein sem verður 22. grein. Hér er aðgengishönnun bætt við fylgiskjöl með byggingarleyfi.

Umsögn: Sbr lið 1a.

Liður 19. 23. grein sem verður 24. grein og liður 26b. grein 30 sem verður 31. Í stað textans í frumvarpi til laga um mannvirki "Gæðastjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfis samkvæmt þessari grein" komi "Ráðherra setur nánari



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

reglur um gæðastjórnunarkerfi og hvaða kröfur slík kerfi þurfa að uppfylla í reglugerð". Rök umhverfisnefndar fyrir þessu eru að staðallinn sé of strangur fyrir smærri fyrirtæki, sem mundu útilokast af markaðnum samkvæmt frumvarpinu. Eðlilegra þykir einnig að kveða á um atriðið í reglugerð, þar sem staðlar eru breytingum háðir og auðveldara að breyta reglugerð en lögum.

Umsögn: Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á mikilvægi gæðastjórnunarkerfa, og að reglur um þau séu ekki of slakar.

Liður 43a. 59. grein sem verður 60. grein. Hér er lagt til að m.a. fráveitumannvirki verði felld út úr setningu reglugerðar, hvað varðar hönnunargögn, byggingarlýsingar o.fl.

Umsögn: Sjá lið 7.